

38. gr.

50

Þegar lög þessi hafa öðlazzt staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt því, sem óbreytt stendur af 1.—8. gr. laga nr. 20 24. marz 1934, svo og 1. gr. laga nr. 54 14. nóv. s. á. inn í lög nr. 29 3. nóv. 1915, og gefa þau út svo breytt sem lög um þingskóp Alþingis.

10. apríl

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Skaganum, 10. apríl 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 128 31. des. 1935, um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs.

51

21. apríl

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir orðunum „1. gr. laga nr. 82 26. apríl 1935“ í 1. málsgr. 2. gr. laga nr. 128 31. des. 1935, um bráðabirgðatekjuöflun til ríkissjóðs, komi: Ef hinn skattskyldi hluti teknanna er undir 1000 kr., greiðist af honum 1%.

2. gr.

Á undan næstsiðustu málsgr. 2. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi: Félög þau og stofnanir, er um ræðir í a-lið og c-lið 3. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, greiði þó aldrei lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum. Sama er um skattgjald samkv. 2. gr. og skattgjald erlendra félaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 21. apríl 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.